

# Stofnanasamningur milli Styrktarfélags vangefinna og SFR um reglur um röðun starfa.

(skv. ákvæðum í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005)

## 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Styrktarfélagi vangefinna og gildir frá 1. maí 2006.

## 2. Meginmarkmið

að launakerfið verði gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.  
að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn að öðlast hlut í skilvirkni starfseminnar.  
að stefnt skal að því að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum.

## 3. Röðun í launaflokka og starfaflokka

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkur og starfaflokkur skal vera grunnröðun fyrir hvert starf:

Frá 1. maí

Frá 1. sept.

### Starfaflokkur 1

|     |     |                   |  |
|-----|-----|-------------------|--|
| 005 | 006 | Stuðningsfulltrúi | <i>Almenn störf sem krefjast töluverðs sjálfstæðis í starfi.</i> |
|-----|-----|-------------------|--|

### Starfaflokkur 2

|     |     |   |  |
|-----|-----|---|--|
| 007 | 008 | Verkstjóri þjónustunotenda                                | <i>Starfið felst m.a í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði starfsstöðvar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til starfsmanna.</i> |
| 013 | 014 | Matráðsmaður  |  |
| 013 | 014 | Umsjónarmaður I   |  |
| 013 | 014 | Fulltrúi á skrifstofu                                     |  |
| 013 | 014 | Félagliði   |  |
| 013 | 014 | Matartæknir   |  |
| 015 | 016 | Stuðningsfulltrúi með háskólamenntun sem nýtist í starfi. |  |
| x   | x   | Þroskaþjálfari  |  |
| 015 | 016 | Verkstjóri/verkefnastjóri                                 |  |
| 016 | 017 | Umsjónarmaður II  |  |
| 017 | 018 | Launafulltrúi   |  |

### Starfaflokkur 3

|         |     |   |   |
|---------|-----|---|---|
| 018     | 019 | Yfirþroskaþjálfari/deildarstjóri dagþjónustu                                    | <i>Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun og skipulagningu.</i> |
| 018     | 019 | Yfirþroskaþjálfari/deildarstjóri sambýli  |   |
| 022     | 023 | Forstöðumaður sambýlis/skammtímvistun 1   | <i>(Sjá bókun 2)</i>  |
| 024     | 025 | Forstöðumaður sambýlis 2 (fleiri en 12 stöðugildi)                              |   |
| 024     | 025 | Forstöðuþroskaþjálfari/forstöðumaður 2 dagþjónustu (fleiri en 25 heildagsstörf) |   |
| 024     | 025 | Ráðgjafaraþroskaþjálfari/verkefnisstjóri  |   |
| 026-037 |     | Sviðstjóri  |   |
| 026-037 |     | Skrifstofustjóri  |   |
| 026-037 |     | Fjármálastjóri.   |   |

## 4. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

### 4.1 Starfsreynsla

Starfsmenn aðrir, en stuðningsfulltrúar samk. b-lið og starfsfólk í starfaflokki 3, sem hafa öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skulu hækka um launaflokka sem hér segir:

- a). starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um einn launaflokk  
starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um einn launaflokka til viðbótar  
starfsmaður með sjö ára starfsreynslu skal hækka um einn launaflokka til viðbótar.

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

- b) stuðningsfulltrúi með eins árs starfsreynslu skal hækka um einn launaflokk  
stuðningsfulltrúi með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um einn launaflokka til viðbótar  
stuðningsfulltrúi með fimm ára starfsreynslu skal hækka um einn launaflokka til viðbótar.  
stuðningsfulltrúi með níu ára starfsreynslu skal hækka um einn launaflokka til viðbótar.

Starfsreynsla stuðningsfulltrúa í öðrum umönnunar- og uppeldis störfum skal metast sem starfsreynsla hjá stofnuninni að fullu.

### 4.2. Starfsnám/símenntun

- a) Starfsmenn aðrir en stuðningsfulltrúar, sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsnámi/námskeiðum sem nýtist í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð. Félagsliðar eiga rétt á mati á starfsmenntun samk. þessari gr. 2 árum eftir að þeir hafa lokið félagsliðanáminu.:

starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk  
starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk  
starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk

- b) Stuðningsfulltrúi sem lokið hefur 120 – 160 st. grunnnámi stuðningsfulltrúa skal hækka um tvo launaflokka  
Stuðningsfulltrúi sem lokið hefur 80 st. framhaldsnámi stuðningsfulltrúa skal hækka um einn launaflokka
- c) Stuðningsfulltrúar sem sækja endur- og símenntunarnámskeið semskipulagt er af Styrktarfélaginu og m.a í samráði við Fræðslusetrið Starfsmennt eiga rétt á 1 launaflokki eftir að hafa lokið 40 stundum.  
(sjá bókun 4)

### 4.3 Annað

- a) Forstöðumanni stofnunar er heimilt að hækka starfsmann um launaflokk /launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

starfið felur í sér sérstaka ábyrgð  
starfið felur í sér flókin verkefni  
starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðarbundið  
starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining til annarra starfsmanna  
starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan  
starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð  
starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi  
starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu  
starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi  
starfsmaður hefur skapað sér sérstaka reynslu og þekkingu sem nýtist í starfi

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannasamtali reglulega, þó eigi sjaldnar en á 18 mánaðar fresti. Samtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í áætluninni skal m.a. koma fram:

Áætlun um símenntun starfsmanns og möguleika hans til að sækja símenntun  
Umsögn um starfsmanninn og þróun hans í starfi.

Starfsmaður á rétt á að biðja um launaviðtal einu sinni á ári.

b) Á sambýlum, skammtímvistunum og vinnustofum þar sem meirihluti notenda eru einhverfir skulu starfsmenn hækka um 2 launaflokka umfram grunnröðun.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessari grein. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

## **5. Endurskoðun**

Um endurskoðun samkomulags þessa gildir ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR frá 9. mars 2006.

Reykjavík, 15.5.2006

F.h. Styrktarfélag vangefinna

F.h. SFR – stéttarfélags í almannajónustu

## **Bókun 1**

Ákvæði um starfsreynslu, starfsnám og símenntun stuðningsfulltrúa, á einnig við um verkstjóra þjónustunotenda.

## **Bókun 2**

Grunnröðun stjórnenda er lágmarksröðun og til bráðabirgða. Endurskoða skal þá röðun þegar liggur fyrir niðurstaða í samningum Syrktarfélagsins við stjórnendur í öðrum stéttarfélögum. Endurskoðunin hefur það markmið að greiða stjórnendum í SFR sambærileg laun og stjórnendum í öðrum félögum.

## **Bókun 3**

Skipa skal nefnd sem taka skal á ágreiningsmálum sem koma upp um mat á námi og starfsreynslu vegna röðunar í launaflokka. Hvor aðili skal skipa 2 fulltrúa í nefndina.

Sérstaklega skal taka fyrir hvaða nám á háskólastigi falli undir grunnröðun í starfaflokki 2.

## **Bókun 4**

Aðilar sammingsins eru sammála um að byggja upp sérstaka endur- og símenntunar fræðslu fyrir starfsmenn. Leitað skal samstarfs við Fræðslusetrið Starfsmennt við að setja á stofn þetta fræðsluprógramm og skal stefnt að því að prógrammið fari af stað frá með áramótum 2007.-

Aðilar eru einnig sammála um að skoða kostnaðarauka vegna launahækkana (sbr. gr. 4.2) við framkvæmt á prógramminu í tengslum við endurskoðun stofnanasamninga 1. maí 2007.

Reykjavík 15.5.2006

## Reglur um mat á námi

Í stofnanasamningi SFR og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra var skipuð nefnd sem meta skyldi nám til launa fyrir stuðningsfulltrúa. Þeir sem vilja láta nefndina meta nám sem þeir hafa stundað, skulu senda námsgögn, svo sem útskriftarskríteini og eftir atvikum námsskrár. Gögnin sendis til:

SFR  
Matsnefnd stuðningsfulltrúa  
Grettisgata 89

Nefndin skuldbindur sig til að afgreiða hvert erindi innan 6 vikna eftir að það berst henni. Gildistími matsins miðast við næstu mánaðamót eftir að nefndin fékk námsgögnin. Nefndin hefur metið neðangreint nám sem nýtist í starfi á eftirfarandi hátt:

### **1. Háskólanám sem metið er til launa sbr. stofnanasamning (1.9.'06 lfl. 016)**

- Allt kennaranám, Ba og B.ed.
- Sálfræði
- Uppeldis- og menntunarfræði
- Félagsfræði
- Félagsráðgjöf
- Hjúkrunarfræði
- Sjúkraþjálfari
- Námsráðgjöf
- Guðfræði
- Leiklistarnám
- Félagsmálafræðingur (fritidsledare)
- Mannfræði
- Heimspeki

### **2. Framhaldsskólanám sem metið er til sambærilegra launa og félagsliði (1. 9. '06 lfl. 014)**

- Sjúkraliðanám
- Sérnam í tólstunda- og félagsmálafræði frá KHÍ

### **3. Nám sem metið er sbr. grunn- og framhaldsnám stuðningsfulltrúa (1.9. '06 lfl. 09)**

- Þjóðfræði
- Kynjafræði
- Hagnýt fjölmiðlun
- Lyfjateknir
- Stjórn málafræði
- Tónlistarnám
- Hönnun
- Listasaga
- Starfsmaður sem hefur lokið 60 einingum í Háskóla sem nýtist í starfi sbr. liður 1

### **4. Starfsmenn sem hafa lokið háskólanámi skulu fá greiddan 1 launaflokk.**

Reykjavík 15.5.2006